## 28. desember þriðjudagur

**Jólabarnaball Lionsklúbbsins Sunnu** í Víkurröst kl. 17:00. Jólasveinar koma, dansað í kringum jólatré. Kaffi og með því í boði klúbbsins.
**Flugeldasala Björgunarsveitarinnar:** Opið frá 12:00-22:00.

## 29. desember miðvikudagur

**Jólaball í Árskógi** kl. 17:00 sem Kvenfélagið Hvöt heldur.
**Jólatónleikar með Karlakór Dalvíkur og Sölku kvennakór.** Tónleikarnir verða í Dalvíkurkirkju kl. 20:30.
**Flugeldasýning** á vegum Björgunarsveitarinnar á Dalvík kl. 20:00 á hafnarsvæði Dalvíkurhafnar, Suðurgarði.
**Flugeldasala Björgunarsveitarinnar:** Opið frá 10:00-22:00.

## 30. desember fimmtudagur

**Flugeldasala Björgunarsveitarinnar:** Opið frá 10:00-22:00.
**Íþróttamaður ársins í Dalvíkurbyggð** verður kjörinn. Afhentar verða viðurkenningar fyrir tilnefningar til kjörs íþróttamanns Dalvíkurbyggðar, verðlaun fyrir góðan árangur og aðalverðlaunin, íþróttamaður Dalvíkurbyggðar. Að því loknu er boðið til kaffisamsætis. Tímasetningar o.fl. verður auglýst nánar síðar.

## 31. desember gamlársdagur

**Brenna austur á sandi** á Dalvík kl. 17:00.
**Brenna á Brimnesborgum** á Árskógsströnd kl. 20:00.
**Flugeldasala Björgunarsveitarinnar:** Opið frá 10:00-16:00.

## 1. janúar, nýársdagur

**Hátíðarguðsþjónusta í Dalvíkurkirkju** kl. 17:00.
**Nýársdansleikur að Rimum.** Dagskrá hefst kl. 22:00 með samsöng og gamanmáli. Söngur dans og fjör fram eftir nóttu og marsinn stiginn. Munið eftir malpokanum og góða skapinu.
**Nýjársganga í Stekkjarhús** kl.13.00 (einn skór)
Hin árlega nýjársganga farin frá Kóngsstöðum í Skíðadal kl.13.00 fram í Stekkjarhús, áð þar og svo gengið til baka. Frjáls gönguaðferð skór ,skíði, þrúgur og sleðar. Góð fjölskylduganga, 3-4 tímar.

## 2. janúar, sunnudagur

**Hátíðarguðsþjónusta í Urðakirkju** kl. 13:30.

## 6. janúar þrettándinn

**Brenna við Rimar** á vegum Ungmennafélagsins Þorsteins Svarfaðar. Kveikt verður í brennunni kl. 20:30. Að vanda verður björgunarsveitin með flugeldasýningu og kvenfélagskonur verða með kakó og smákökur.

# VIÐBURÐADAGATAL

# AÐVENTA OG JÓL 2010

www.dalvik.is

## 26. nóvember föstudagur

**Föndurdagur fjölskyldunnar í Dalvíkurskóla** kl. 16:00 - 19:30 Nemendur og fjölskyldur þeirra geta keypt efni til föndurgerðar í skólanum á vægu verði (frá ca. 100 – 1500 kr). Hafið með ykkur skæri, límstauk, liti(túss/tré), að jólaskapinu ógleymdu. Ekki senda börnin ein. Nemendur í 10. bekk verða með kaffisölu í hátíðarsal til styrktar ferðasjóði sínum. Kaffihlaðborð kostar kr. 800 fyrir fullorðna, kr. 400. fyrir börn á skólaaldri og ókeypis er fyrir börn undir skólaaldri.

**Bæjarskrifstofan:** Jólaþorpið sett upp og íbúar hvattir til að koma og heimsækja það.

## 27. nóvember laugardagur

**Jólamarkaður á Skeiði í Svarfaðardal:** kl. 15.00-18:00. Salka kvennakór tekur nokkur lög.

## 28. nóvember sunnudagur

**Menningarhúsið Berg:** Húsið opnar kl. 14:30 í jólabúningi með aðventu- og jólastemningu og kveikt verður á jólatrjám. Kaffihúsið verður alla aðventuna með jólasmákökur, heimagert konfekt, heitt súkkulaði, kaffidrykki í jólafötunum og auk þess hádegissnarl og köku hússins á föstudögum.

**Jólatónleikar Mímiskórsins - kórs aldraðra:** kl. 15:00 í menningarhúsinu Bergi.

**Jólatónleikar Sölku kvennakórs:** kl.15:00 í Dalvíkurkirkju . Kórinn býður gestum sínum að þiggja aðventukaffi í safnaðarheimilinu að tónleikum loknum.

**Jólamarkaður á Skeiði í Svarfaðardal:** kl. 15:00-18:00.

## 30. nóvember þriðjudagur

**Bókaupplestur Bókasafnsins:** kl. 20:30 . Bókmenntakvöld á bókasafninu með lestri úr jólabókum.

## 2. desember fimmtudagur

**Föndurdagur fjölskyldunnar í Árskógarskóla:** kl. 17:00-20:00. Nemendur og fjölskyldur þeirra geta keypt efni til föndurgerðar í skólanum á vægu verði (frá ca. 100 – 1500 kr). Hafið með ykkur skæri, límstauk, liti(túss/tré), að jólaskapinu ógleymdu. Ekki senda börnin ein. Nemendur verða með kaffisölu í matsal til styrktar ferðasjóði sínum. Kaffihlaðborð kostar kr. 800 fyrir fullorðna, kr. 400 fyrir börn á skólaaldri og ókeypis er fyrir börn undir skólaaldri.

**Sögustund á bókasafninu** kl. 17:00. Lesnar verða jólasögur fyrir börnin.

**Jólatónleikar Samkórs Svarfdæla og Kirkjukórs Möðruvallaklaustursprestakalls:** kl. 20:30 í menningarhúsinu Bergi. Opið fram eftir kvöldi á Kaffihúsinu.

## 3. desember föstudagur

**Aðventukvöld í Tjarnarkirkju í Svarfaðardal:** kl. 20:30. Ræðumaður Óskar Þór Halldórsson frá Jarðbrú. Samkór Svarfdæla syngur undir stjórn Helgu Bryndísar Magnúsdóttur.

## 4. desember laugardagur

**Menningarhúsið Berg:** Jólamarkaður kl. 13:00-17:00, handverk og gjafavara eftir heimafólk. Kór Dalvíkurkirkju kemur við í Bergi og tekur nokkur jólalög kl. 15:00 undir stjórn Hlínar Torfadóttur.

**Aðventustund í Stærri-Árskógskirkju:** Kl. 16:30

**Jólahlaðborð Veisluþjónustunnar:** - Haldið að Rimum í Svarfaðardal. Pantanir í síma 848 6528.

**Jólahlaðborð Veislumiðlunar:** - Haldið í veislusal Veislumiðlunar á Árskógssandi. Pantanir í í sima 8201087 / 8201089

## 5. desember sunnudagur

**Aðventukvöld í Dalvíkurkirkju kl. 20:00**. Börn úr Dalvíkurskóla flytja helgileik, kór Dalvíkurkirkju syngur undir stjórn Hlínar Torfadóttur.

## 9. desember fimmtudagur

**Aðventurölt kl. 20:00-22:00:** Opið í verslunum, galleríum og víðar. Kaffihúsið í Bergi verður opið fram eftir kvöldi með kræsingar, jólatónlist, jólaljósa- og kertastemningu.

**Menningarhúsið Berg:** Samkór Svarfdæla syngur nokkur jólalög undir lok kvöldsins undir stjórn Helgu Bryndísar Magnúsdóttur.

## 10. desember föstudagur

**Menningarhúsið Berg**: Jólaskreytingarsamkeppni Dalvíkurbyggðar, verðlaunaafhending kl. 17:00. Veitt verða verðlaun og viðurkenningar fyrir útiskreytingar. Allir velkomnir.

**Kaffihúsið í Bergi:** Aðventu - brunch á Kaffihúsinu kl. 12:00 - 13:30, bóka þarf með tveggja daga fyrirvara.

## 11. desember laugardagur

**Menningarhúsið Berg**: Jólamarkaður kl. 13:00-17:00, handverk og gjafavara eftir heimafólk. Tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar kl. 13:00, 14:00, 15:00 og 16:00.

**Jólahlaðborð Veisluþjónustunnar:** - Haldið að Rimum í Svarfaðardal. Pantanir í síma 848 6528.

## 12. desember sunnudagur

**Menningarhúsið Berg**: Jólamarkaður kl. 13:00-17:00, handverk og gjafavara eftir heimafólk. Tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar kl. 13:00, 14:00, 15:00 og 16:00.

**Jólasveinarnir** koma fram á þaki Húsasmiðjunnar kl. 15:00.

**Jólabingó** barna-og unglingaráðs knattspyrnudeildar UMFS í hátíðarsal Dalvíkurskóla kl. 17:00.

**Jólasýning fimleikdeildar UMFS** kl. 14:30 í Íþróttamiðstöðinni. Allir iðkendur sýna hvað þeir hafa verið að æfa á haustönninni.

## 16. desember fimmtudagur

**Jólasveinarnir koma á Árskógssand** kl. 17:00 og standa fyrir jólaballi við Kaffi Krúsir , dansað verður í kringum jólatré.

**Jólablað Norðurslóðar** kemur út.

## 17. desember föstudagur

**Kaffihúsið í Bergi** verður með hádegissnarl í hádeginu og föstudagsköku að hætti hússins.

## 18. desember laugardagur

**Menningarhúsið Berg:** Jólasveinar koma í heimsókn kl. 14:00 og syngja, spjalla og dansa í kringum jólatré. Jólatónleikar Brother Grass kl. 20:30

## 21. desember þriðjudagur

**Jólavaka í Tjarnarkirkju** kl. 20:30. Kristjana og Kristján ásamt gestum sínum flytja jóladagskrá í tali og tónum. Kaffi og smákökur að lokinni dagskrá inni í bæ. Miðaverð 1.000 kr.

## 23. desember Þorláksmessa

**Jólapóstur samkvæmt hefð í Dalvíkurskóla.** Skólinn er opinn frá kl. 13:00 – 16:00. Nemendur og starfsfólk taka á móti jólakortum í skólanum (inngangur nr.1). Nemendur í 7. bekk mæta kl. 12:45 til að flokka póst. Þeir nemendur sem verða jólasveinar á aðfangadag eiga að mæta kl. 12:45 þennan dag og flokka póst. Verð fyrir hvert kort er 50 kr. Jólasveinar (nemendur úr 8. – 10. bekk) bera út jólakortin á aðfangadag frá kl 10:30 – 14:00. Öll vinna er unnin í sjálfboðavinnu. Unnið til styrktar skólabókasafni Dalvíkurskóla. Að gefnu tilefni skal tekið fram að borinn verður út póstur á Dalvík og í Svarfaðardal.

## 24. desember aðfangadagur

**Dalvík og Svarfaðardalur:** Jólapósturinn borinn út.

**Árskógssandur:** Jólasveinarnir og mamma þeirra bera út pakka og annað góðgæti til íbúa.

**Aftansöngur í Dalvíkurkirkju** kl. 18:00.

**Hátíðarguðsþjónusta í Dalvíkurkirkju** kl. 23:00. Athugið breyttan tíma.

## 25. desember jóladagur

**Hátíðarguðsþjónusta í Tjarnarkirkju** kl. 16:00.

**Hátíðarguðsþjónusta í Stærri-Árskógskirkju** kl. 14:00.

## 26. desember annar dagur jóla

**Hátíðarguðsþjónusta á Dalbæ** kl. 13:30.

**Hátíðarguðsþjónusta í Vallakirkju** kl. 16:00.

## 27. desember mánudagur

**Jólagleði á Rimum** í Svarfaðardal kl. 14:00 á vegum Kvenfélagsins Tilraunar. Jólatrésskemmtun, söngur og tónlist. Gestir leggja til bakkelsi á sameiginlegt kaffiborð.